

Hvanneyri 13.2. 2015

Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Vísað er til tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026 sem kynnt var á heimasíðu stofnunarinnar í desember 2014 og á kynningarfundum víða um land nú í janúar.

Vesturlandsskógar fagna framkomnum drögum en sakna þess að fjallað sé um skógrækt í tillögunni.

„Skógar á Íslandi – stefna á 21. öld“ er sú stefnumótun sem var niðurstaða ráðherraskipaðrar nefndar sem falið var að semja drög að stefnumótun í skógrækt til næstu áratuga. Þessi drög voru kynnt almenningi með auglýsingu á sínum tíma, hann beðinn um umsagnir sem tekið var tillit til í endanlegri útgáfu stefnumótunarinnar. Á þessa stefnumótun er ekki minnst í tillögum að landsskipulagsstefnu og gera Vesturlandsskógar athugasemd við það.

Í tillögunni er enginn gaumur er gefinn að, þingsályktun um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar sem samþykkt var á vorþingi 2014 (þingskjal 273, 143. Löggjafarþingi 2013-14). Í þeirri þingsályktun er m.a. hvatt til þess að mótað verði starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára, til eflingar skógræktar með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða. Hvergi kemur fram í fyrirliggjandi tillögu að landsskipulagi, að slík rammaáætlun standi fyrir dyrum.

Í kaflanum Skipulag landbúnaðarlands (2.3.1) vantar skilgreiningar á hvað átt er við þegar talað er um óafturkræfa notkun lands. Auk þess er vakin athygli á því að ekki er eðlilegt að nefna eingöngu skógrækt þegar fjallað er um að skógrækt falli vel að landi, Vesturlandsskógar telja að þarna sé eðlilegt að nefna allar gerðir landnýtingar.

Vesturlandsskógar leggjast gegn því orðalagi sem hægt er að túlka á þann hátt að áætlanir Landgræðslu ríkisins verði bindandi fyrir landeigendur, heldur verði hvatt til þess að auka samstarf bænda um gróðurvernd til að tryggja sjálfbærni í landbúnaði. Gæta verður þess að landeigendur verði ekki sviftir því valdi og forræði á nýtingu eigin lands.

Það skiptir miklu máli fyrir framtíð skógræktar á Íslandi að skipulagsumgjörð landnýtingar í dreifbýli sé með þeim hætti að ekki séu lagðar skipulagslegar hindranir á eitt form landnýtingar umfram aðra. Á meðan ekki liggur fyrir vönduð og trúverðug greining á því að eitt form landbúnaðar sé eða verði arðsamari en annað er með öllu óeðlilegt að setja íþyngjandi hömlur á atvinnufrelsi og eignarrétt þeirra sem fremur vilja stunda skógrækt en aðrar gerðir landbúnaðar.

Með von um að tillit verði tekið til framangreindra athugasemda,

Fyrir hönd Vesturlandsskóga,

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, framkvæmdarstjóri.